

- 57** 30. apríl 2. Umráðamaður téðrar eignar skal vera Jón sonur minn, meðan hann lifir, en eftir hans dag skal eignin vera undir umsjón hreppsnefndar.
3. Leiga eftir nefndan jarðarluta er nú kr. 52.00 árlega, en við næstu ábúð má hún ekki vera minni en 10 — tíu — krónur eftir hvert hundrað, en þó aldrei fara upp úr 15 kr. fyrir hundrað hvert, nema ef þar myndaðist atvinnurekstur, sem gæfi orsök til hækkaðs eftirgjalds. Gjaldldagi þess skal bundinn við nýár.
4. Afgjaldinu skal varið sem hér segir:
- a. Til lúkningar á útför minni.
 - b. Að innkaupa hinn hluta jarðarinnar Viðfjarðar.
 - c. Til áframhaldandi jarðarkaupar til að stækka óðalseign ættmennanna, sem aldrei skal koma til sölu né erfðaskipta, en ávallt heimilast einhverjum ættmennanna til ábúðar gegn venjulegu eftirgjaldi.
5. Umráðamanni ber 6% í innheimtulaun á afgjaldi nefndrar eignar, og ber honum að ávaxta það fé á tryggum stað, í sparisjóði eða banka. Honum ber einnig að annast um jarðarkaup, ef til kemur, og skal hann þá útnefna tvo menn sér til ráðuneytis og aðstoðar (ef umráðamaður er ekki hreppsnefnd samkvæmt 2. gr.). Honum ber einnig að halda glöggan reikning yfir hag sjóðsins.

Þessu til staðfestu er mín eigin undirskrift með tveim vitundarvottum.

Skorrastað, 12. júlí 1924.

Guðrún Jónsdóttir.
(handsalað).

- 58** 11. maí Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningar- og líknarsjóð Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófasts Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 11. maí 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningar- og líknarsjóð Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófasts Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningar- og líknarsjóður Ingibjargar Brynjólfsdóttur og Magnúsar prófasts Bjarnarsonar, hjóna frá Prestsbakka á Síðu.

2. gr.

58

Sjóðurinn er stofnaður af Magnúsi Bjarnarsyni, prófasti frá Prestsbakka á Síðu. 11. maí

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Sjóðurinn ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða fram yfir það, sem greint verður í skipulagsskrá þessari, né það, sem við hann er lagt, hvort heldur það stafar af viðlögðum vöxtum, áheimum, gjöfum eða öðru, sem fellur honum til aukningar.

4. gr.

Næstu 13 árin, eða til 1. jan. 1945, leggjast allir vextir við höfuðstól sjóðsins. Frá þeim tíma falla $\frac{1}{2}$ vextir til útborgunar árlega þar til sjóðurinn nemur 15,000 — fimmtán þúsund — krónum, þá falla $\frac{2}{3}$ hlutar ársvaxta til útborgunar, þar til sjóðurinn nemur 30,000 — þrjátíu þúsund — krónum, úr því falla til útborgunar $\frac{3}{4}$ hlutar ársvaxtanna.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja sjúklinga úr Síðuhéraði og Örafum í Austur-Skaftafellssýslu, er dvelja til lækninga á sjúkrahúsinu á Breiðabólstað á Síðu. Þó skulu, að öðru jöfnu, ganga fyrir öðrum, sjúklingar úr Kirkjubæjarklaustursprestakalli, eins og það nú er, þar til sjóðurinn er orðinn það stór, að öllum sjúklingum úr ofangreindu héraði verði veitt þar ókeypis dvöl. Munaðarlaus börn, 14 ára og yngri, og eignalaus einstæðings gamalmenni (65 ára og eldri), sitja fyrir öðrum við styrkveitingar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Læknir Síðuhéraðs, sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls og 3ji maður tilnefndur af sýslumanni Vestur-Skaftafellssýslu úr Hörklandshreppi, karl eða kona úr bændastétt; gildir sú tilnefning til 6 ára í senn, og má endurkjósa eitt skipti, en eigi oftár. Stjórnin veitir viðtöku vöxtum, er árlega falla til útborgunar og ver þeim samkvæmt fyrirmælum skipulagsskrár þessarar. Stjórnin skiptir með sér verkum: formanns, ritara og gjaldkera. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu endurskoðar árlega reikninga sjóðsins.

7. gr.

Nú ber svo við einhver ár, að engir sjúklingar dvelja á hælínu, er stjórn sjóðsins telur þurfa styrksins við, eða einhvers hluta hans, þá má verja þeim hluta vaxtanna, er til úthlutunar kemur það ár, og afgangs verður sjúkrastyrk, til að kaupa fyrir rúmstæði í sjúkrastofurnar, rúmfatnað, legubekki, hæginda-stóla og önnur húsgögn, þar til þess er ei lengur þörf. Að öðrum kosti leggst afgangurinn við höfuðstólinn.

58

11. maí

8. gr.

Þegar sjóðurinn nær þeirri upphæð, að útborgaðir vextir meir en hrökkva til framangreindra styrkveitinga og umbóta húsgagna sjúkraskýlisins, skal leggja það, sem afgangs verður í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjúkraskýlissjóður Síðu-héraðs“, og verja til sérstakrar sjúkraskýlisbyggingar á Breiðabólstað, fyrir áðurgreind byggðarlög, er sé gert úr steinsteypu, og búið öllum þeim nýttíkuþægindum, er þá gerast.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Borg á Mýrum, 31. marz 1932.

Magnús Bjarnarson.

59

31. maí

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá
2. apríl 1928.

Aftan við 12. gr. bætist:

Þó getur sýslunefnd falið öðrum umsjón með viðhaldinu, ef hún telur það heppilegra.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

60

13. júní

R E G L U G E R Ð

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.,
frá 2. nóvember 1917.

Inn í 42. gr. á eftir orðunum „þar sem aðalrétt stendur“, komi: einnig má afhenda sauðfé til sölu að afloknum töfludrætti í fyrri Stafnsrétt.